



Erindi nr. Þ 120/1742

Nefndardeild Alþingis
Þórshamri v/Templarasund
150 Reykjavík

Komudagur

29/4

1996

Reykjavík, 24. apríl 1996

Efni: Frumvarp til laga um fjármagnstekjuskatt, 421., 422., 428. og 429. mál.


Óskað hefur verið eftir umsögn miðstjórnar ASÍ um ofangreind frumvörp stjórnar og hluta stjórnarandstöðu sem öll fjalla um fjármagnstekjuskatt. Eins og alþingismönnum er kunnugt um, hefur verkalýðshreyfingin lengi krafist þess að allar fjármagnstekjur verði skattlagðar með sama hætti og atvinnutekjur launafólks. Í drögum að stefnu ASÍ í skattamálum er m.a. lögð áhersla á að stefna beri að þessu markmiði. Það er hins vegar ljóst að hingað til hefur ekki tekist að afla þingmeirihluta fyrir þessari stefnu, án tillits til þess hvaða flokkar hafa myndað meirihluta á þingi. Þessi pólitíska staða hefur gert það að verkum að verkalýðshreyfingin hefur talið það forgangsverkefni að koma fjármagnstekjuskatti á hér á landi. Í framhaldi af því, þegar reynsla er komin á framkvæmdina, má endurskoða þennan skatt eins og alla aðra skatta m.a. með tilliti til tekjujafnandi aðgerða. Jafnframt er brýnt að þær tekjur sem slíkur skattur gæfi af sér yrðu nýttar til þess að bæta stöðu þeirra tekjulægstu. Með þetta að leiðarljósi gerði ASÍ kröfu um að tekinn yrði upp flatur 15% staðgreiðsluskattur á alla nafnvexti í tengslum við gerð kjarasamninga vorið 1993, til þess að fjármagna hluta af kostnaði við lækkun virðisaukaskatts af matvælum. Þáverandi ríkisstjórn gaf út yfirlýsingu í tengslum við lausn kjarasamninga, þar sem fram kom að tekinn yrði upp 10% vaxtaskattur frá og með 1. janúar 1994. Ekki kom þó til þess að þessi skattur yrði lagður á, heldur skipaði fjármálaráðherra sérstaka nefnd sem skipuð var fulltrúum allra stjórnsmálaflokka, þar með talið stjórnarandstöðunni, ásamt fulltrúum ASÍ og VSÍ. Í nefndinni var gerð tilraun til þess að ná breiðri samstöðu um álagningu fjármagnstekjuskatts og tók fulltrúi ASÍ þátt í því starfi af hálfu miðstjórnar. Af nefndarálitinu verður ekki annað ráðið en að þetta hafi tekist, m.a. á grundvelli tillagna ASÍ frá því vorið 1993.

Ljóst er að í því frumvarpi sem hluti stjórnarandstöðunnar hefur lagt fram má finna ýmis atriði sem falla betur að stefnu verkalýðshreyfingarinnar í þessum málum heldur en stjórnarfrumvarpið gerir. Á sama hátt eru ýmsar tillögur í því frumvarpi sem ganga algjörlega á skjön við stefnu verkalýðshreyfingarinnar. Í heildina séð telur miðstjórn ASÍ þetta frumvarp ekki hafa það til að bera að ástæða sé til þess að mæla með samþykkt þess.

Miðstjórn ASÍ telur því ekki ástæðu til þess að endurskoða fyrri afstöðu sína né að gera athugasemdir við einstaka greinar í frumvarpi ríkisstjórnarinnar, enda byggir það nánast alfarið á niðurstöðum og tillögu þeirrar nefndar sem ASÍ átti beina aðild að.

Með kveðju,

f.h. miðstjórnar ASÍ



Gylfi Arnbjörnsson
hagfræðingur ASÍ